

## Athugasemd frá Ásmundi Aðalsteinssyni

Vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda í Vopnafirði sem eiga að tengja Vopnafjörð við Hringveginn langar mig að segja hvar ég tel best að leggja veginn. Þær leiðir sem lýst er í skýrslu Vegagerðarinnar lýst mér ekki vel á. Nema hluta af Hofsárdalsleið.

Tel ég bestu leiðina, sem byrjar við Hólkná vera út Fossdal norðan megin og brú verði byggð stutt fyrir utan eyðibýlið Skor og vegur þaðan að Tunguseli og þar verði byggð önnur brú yfir ána, og síðan liggi vegurinn eins og lýst er í skýrslu Vegagerðarinnar út á núverandi veg inn af Teigi.

Ég veit að brekkurnar fyrir utan Fossinn og niður á Skor eru aðeins erfiðar, en ekki óviðráðanlegar. Því að með því að grafa og sprengja sig niður með veginn efst í brekkunni ætti auðveldlega að nást viðunandi halli á veginn þó því fylgi talsverður kostnaður að byggja þarna viðunandi veg er það til þess vinnandi. Til að losna við að þurfa að fara um það bil 10 kílómetra yfir Fossheiði, sem nær upp í 450 metra yfir sjó, og norður fyrir Urðarfjall. Sem að sögn staðkunnugra er svæði sem geta komið á mjög vond veður. Þarna er verið að tala um um það bil 18 kílómetra langan veg, sem væri miklu verri heldur en láglandisvegur um Fossdal og Hofsárdal. Þá er ekki spurning að smá brekka eins og hjá Fossinum á ekki að vera nein fyrirstaða. Fyrst hægt er að leggja vegi í gegnum fjöll með jarðgöngum á að vera hægt að sigr svona smáhindrun á yfirborði.

Vilji er allt sem þarf.

Þó að vegur um Fossdal kosti kannski um 500 milljónir meira heldur en svokölluð Vesturárdalsleið. Er það ekki svo mikið til að losna við heiðarveg. Ef það er tekið til viðmiðunar hvað miklu er kostað til að leggja af heiðarvegi með jarðgöngum víða um land. Allstaðar á Íslandi er það stefnan að hafa vegi á sem lægstu landi sem lengst til að losna við vond veður.

Því stinga fyrirhugaðar vegaframkvæmdir um Fossheiði í stúf við það sem hefur verið gert og er fyrirhugað. Og eru þessar framkvæmdir því nánast óskiljanlegar. Leiðina frá Hólkná og út Fossdal er hægt að áfangaskipta, með því að leggja veginn langleiðina út á móts við eyðibýlið Foss. Þaðan mætti leggja um 3 kílómetra langan malarveg upp á Bæjaröxl á Fossheiði á núverandi veg. Síðan ætti að leggja veginn í einum áfanga út að Teigi. Þessi malarvegur mundi svo nýtast í margskonar útvist.

Til að minnka snjósófnun á veginn legg ég til að hluti Fossdals verði tekinn undir skógrækt. Með það í huga að vegurinn lægi í gegnum skóginn. Aðal áherslan fyrst í stað yrði gerð skjólbelta úr alaskavíði ofan við veginn frá brúnni hjá Skor og inn á móts við eyðibýlið Foss.

Að 5 árum liðnum með áburðargjöf ættu skjólbeltin að bera byrjuð að mynda eitthvað skjól. Síðan mætti hugsa sér um 200 metra breiðan skóg ofan við veg og um 100 m neðan við. Næði skógurinn frá Skor og um 5 kílómetra inn dalinn, en með langtíma markmiðið alla leið inn að Brunahvammi. Birki, greni og fleiri tegundir mætti setja niður.

Eins og allir vita eru vegir engin prýði á landi og á þennan hátt myndi vegurinn ekki sjást frá ýmsum stöðum í dalnum sem hann sæist annars. En skógrækt tekur langan tíma þó ekki væri sett niður nema skjólbelti ofan við veginn frá Skor og inn á móts við eyðibýlið Foss þá mundi það gera mikið gagn. Þessari aðferð mætti beita víðar til dæmis ofan við nýja veginn upp úr Jökuldal.

Augljóst er hvað það væri miklu betra að ferðast um Fossdal skógivaxinn heldur en upp á berangri á Fossheiði eða langt upp í brekkum sunnanmegin ár. Það væri nánast draumur þó ekkert tré væri sett niður eru það margir dagar á ári sem það er miklu betra vegna veðurs.

## Fylgiskjal 22

Stundum þegar þoka er á Fossheiði er engin þoka niðri í Fossdal. Það getur gerst þegar vont veður er á Fossheiði nær veðrið ekki mikið innar á heiðina, er þá komið í þurrara og betra veður, þegar ekið er á malbikinu í efstu drögum Fossdals. Þá er nú gott að geta keyrt upp dalinn.

Ekki tel ég nauðsynlegt að byggja Millidalaleið ef vegur verður lagður um Hofsárdal og drægist þá sá kostnaður frá þeirri leið í hag. Það mætti gera ódýran malarveg frá núverandi vegi niður í Vesturárdal.

Ef vegur verður gerður um Fossdal þá væri betri aðkoma fyrir veiðimenn í dalinn. Auðveldara að koma tækjum og efni til að gera þá nauðsynlegu framkvæmd, sem er laxastigi í Fossinn.

Leggja mætti af þá stórhættulegu leið sem veiðimenn og aðrir þurfa að nota, sem liggur um Sniðin. Sendi ég 2 myndir sem eru ekki nógu góðar. Eru þær af brekkunni fyrir utan Fossinn. Önnur tekin fyrir utan eyðibýlið Skor og þaðan inn dalinn. Hin ofan við Skor og út dalinn. Eiga þessar myndir að sýna að það er alveg hægt að leggja viðunandi veg þarna. Best væri að nálgast hindrunina ofan frá ekki vera með veginn alveg niðri hjá eyðibýlinu Fossi. Næðist þá bein sjónlína með veginn niður að brúnni.

Betra væri að taka mynd sunnan megin ár og yfir sæist þá miklu betur hve auðvelt verkið væri. Því miður hef ég ekki svoleiðis mynd. Að lokum vil ég hvetja til þess að hinn fyrirhugaði vegur upp frá Vopnafirði að Hölkna verði á sem lægstu landi. Og þar með verði hagsmunir Vopnfirðinga og annarra vegfarenda best tryggðir.

Guð blessi alla sem þetta lesa.

22.3. 2007

Ásmundur Aðalsteinsson  
Engihjalla 9  
Kópavogi